



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fundargerð aðalfundar Ljósmeðrafélags Íslands 24. mars 2012.

93. aðalfundur LMFÍ haldinn í fundarsal BHM að Borgartúni 6 , og sóttu hann 28 félagsmenn LMFÍ.

1. Setning fundar og kosning embættismanna fundarins

Fundurinn hefst með því að Esther Ósk Ármannsdóttir formaður Ljósmeðrafélags Íslands setur fundinn og býður fundarkonur velkomnar. Í kjölfarið er kosning embættismanna fundarins: Margrét Hallgrímsson kosin fundarstjóri og Jóhanna Skúladóttir ásamt Ástu Hlín Ólafsdóttur fundarritarar.

Að því loknu fær fundarstjóri orðið og fer yfir dagskrá fundarins.

2. Fundargerð aðalfundar 2011

Jóhanna Skúladóttir byrjar lestur fundargerðar síðasta aðalfundar. Eftir að hún hefur lesið um þriðjung fundargerðar er lestur stöðvaður. Fundarstjóri ber upp þá tillögu hvort fundarmenn sé tilbúnir að samþykkja fundargerðina án upplestrar þar sem hún væri í fundargögnum. Var það samþykkt. Sjá skjal 1.

3. Skýrsla stjórnar

Esther Ósk Ármannsdóttir les skýrslu stjórnar um starf félagsins frá síðasta aðalfundi: Tilvísun í skýrslu stjórnar).

Í lokaorðum sínum sagði formaður að hún ætlaði að grafa upp þau markmið sem hún setti sér þegar hún tók við formannsembættinu sl. vor. Þetta fyrsta ár hafi farið í að kynnast félaginu.

Engar fyrirspurnir voru um skýrsluna og var hún samþykkt.

Að því loknu afhenti formaður rós þeim stjórnarmönnum sem hafa gengið úr stjórn á liðnu starfsári. Sjá skjal 2.

4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Gjaldkeri félagsins Inga Sigríður Árnadóttir fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2011. Þorsteinn Pétur Guðjónsson endurskoðandi frá Delotte hf var viðstaddur þennan lið fundarins.

Innkoma félagsgjalda var minni en fjárhagsáætlun sem lögð var fyrir félagsmenn á síðasta aðalfundi gerði ráð fyrir. Fram kom að vegna óviðráðanlega orsaka hafi orðið frávík frá fjárhagsáætlun. Má þar nefna:

1. Áskrifendum að blaðinu hefur farið fækkandi í kjölfar hrunsins. Fyrirtæki hætt að kaupa.
2. Launakostnaður var meiri. Laun skrifstofumanns og formanns hækkuðu og skörun við formannsskipti á síðasta ári varð lengri en gert var ráð fyrir. Gengið var fá greiðslum v. stjórnarsetu frá fyrri árum. Stjórnarfundir tíðari en kom fram á áætluninni.
3. Ekki er búið að ganga frá greiðslu í Þórdísarsjóð, en það verður gert.
4. Skattur til BHM hækkaði um 5% á árinu.
5. Hýsing á vefsíðu ljósmodir.is og félagssíðu hefur hækkað.
6. Ljósmeðrablaðið. Auglýsingatekjur af júlíblaði 2011 koma inn á árinu 2012
7. Laun ritstjóra er hærri því út komu 3 blöð á árinu.
8. BHM fór í auglýsingaráttak í byrjun árs 2011 og kom hlutfallslegur kostnaður á félagið.
9. Gjafir og styrkir. Ráðstefna um brjóstgjöf var styrkt um 100.000 kr., keypt voru jólakort frá Umhyggju og Stígamót og systrasamtök þeirra á Akureyri voru einnig styrkt.
10. Ljósmeðrablaðið. Hækkun hefur orðið á prentkostnaði við blaðið.
11. Lausnarsteinar. Gengið var frá greiðslu vegna uppsetningar á bókinni.
12. Fylgjan, handbók ljósmeðra. Prentkostnaður jókst um 7%.
13. Ferðakostnaður. Var minni en áætlun sagði til um.
14. Annað. Rekstur tölvukerfis hefur hækkað gífurlega,

Fyrirspurn 1.

Karítas Ívarsdóttir spurði út í félagslegan kostnað vegna launa til ritstjóra.

Skýring: Á síðasta ári komu þrjú blöð af Ljósmeðrablaðinu, jólablaðið 2010 og 2011 ásamt vorblaði 2011. Reiknað er með auknum umsvifum hjá ritstjóra og Fylgjan fari inn í áætlun.

Fyrirspurn 2.

Stefanía Guðmundsdóttir spyr um hækkun á bifreiðastyrk.

Skýring er að Guðlaug Einarsdóttir fyrrverandi formaður félagsins fékk aukinn styrk. Gert ráð fyrir skörun en skörunin var lengri. Steinunn útskýrir að fyrrverandi formaður hefði fengið auka 6 vikur eftir sumarfrí af því að hún fengi engin biðlaun.

Endurskoðandi tilbúinn að svara fyrrisurnum.

Fyrirspurn 3.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Esther Ósk Ármannsdóttir: Kann illa að lesa ársskýrslu. Óskaði eftir að vita af hverju framsetning ársskýrslu var breytt frá í gær.

Skýring Þorsteins: Engin kórrétt framsetning. Ákveðið að hafi verið að hafa framsetninguna eins og undanfarin ár. Hafa sjóðina inn í rekstrinum eins og verið hefur. Hugmynd var að hafa sjóðina sér en fallið frá því og ákveðið að hafa framsetninguna eins og undanfarin ár. Spurning hvort allir sjóðirnir eigi að vera inni í rekstri félagsins. Skiptar skoðanir á því hvernig þetta á að vera. Sjóðir eru allir á kennitölu félagsins og allt skýrt og gegnsætt hjá félaginu.

Að lokinni yfirferð voru reikningar félagsins bornir undir fundarmenn til samþykktar. Var hann samþykktur, enginn á móti og einn sat hjá.

Steinunn Blöndal hrósar framsetningu á reikningum félagsins.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Gjaldkeri félagsins Inga Sigríður Árnadóttir kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið í ár, 2012.

Fyrirspurn 1:

Guðrún Gunnlaugdóttir spyr um bifreiðastyrk

Svar: Formaður haldið akstursdagsbók og fái greitt eftir henni. Færi þá af rekstrarafgangi.

Rætt um greiðslu ferða stjórnarmeðlima utan af landi. Það sæist ekki í áætluninni.

Umræða um að greiða 4-6 ferðir (hvað?) á ári og færi það af liðnum ferðakostnaður.

6. Skýrslur nefnda

Skýrslur bárust frá eftirtöldum nefndum:

- Fræðslu- og endurmenntunarnefndar Ljósmeðrafélags Íslands. Bergrún Svava les skýrslu nefndarinnar: Sjá skjal 3
- Kjaranefndar Ljósmeðrafélags Íslands. Esther Ósk Ármannsdóttir les skýrslu nefndarinnar: Sjá skjal 4.
- Ritnefnd Ljósmeðrafélags Íslands. Hrafnhildur Ólafsdóttir les skýrslu nefndarinnar: Sjá skjal 5.
- Sjóðanefndar Ljósmeðrafélags Íslands. Esther Ósk Ármannsdóttir les skýrslu nefndarinnar: Sjá skjal 6.

7. Skýrslur deilda



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Skýrslur bárust frá eftirtöldum deildum:

- a. Norðurlandsdeild Ljósmeðrafélags Íslands. Stefanía Guðmundsdóttir les skýrslu deildarinnar: Sjá skjal 7.
- b. Ljósumar. María Björnsdóttir les skýrslu deildarinnar: Sjá skjal 8.
- c. Fagdeildar um heimaþjónustu. Hrafnhildur Halldórsdóttir les skýrslu deildarinnar: Sjá skjal 9

8. Lagabreytingar

Áður en formaður kynnti breytingatillögur á lögum LMFÍ frá 2006 les hún bréf frá lagahópi félagsins. Er það undirskrið af hópnum Ólafía Margrét Guðmundsdóttir, Sara Hauksdóttir og Steinunn Blöndal en hann hóf störf í kjölfar aðalfundar 2009. Fram kom að lögin sem nú verður kosið um breytast á þann veg að greinum fækkar úr 20 í 13 og hafa þau verið til kynningar á heimasíðu félagsins sl. 4 vikur og tvo daga. Í núgildandi lögum kemur fram hvernig standa eigi að lagabreytingum og les Esther viðkomandi greinar:

9 grein: Aðalfundur skal haldinn á hverju ári og skal boðað til hans með a.m.k. 4 vikna fyrirvara með bréfi þar sem greint er frá aðalefni fundar. Aðalfundur telst ekki lögætur nema boðað sé til hans á löglegan hátt.

19 grein: Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skulu tillögur um breytingar hafa borist með aðalfundarboði 4 vikum áður og kynntar félögum. Lagabreytingar eru því aðeins lögætar að 2/3 fundarmanna á aðalfundi greiði þeim atkvæði.

Stjórn ákvað að nota nútíma tækni og kynna lagabreytingarnar á heimasíðu félagsins og spara þannig kostnað við að senda þær í pappírformi. Stjórn taldi rafræna kynningu vera innan marka laganna.

Óskar formaður félagsins eftir að aðalfundur taki afstöðu til hvort rétt hafi verið staðið að kynningu að tillögum að breytingum á lögum LMFÍ. Var hún samþykkt.

Hver grein var lesin upp og opnað fyrir umræðu um hana og hún síðan borin upp til samþykktar.

1. Grein

HEITI FÉLAGSINS

1.1 Félagið heitir Ljósmeðrafélag Íslands, skammstafað LMFÍ og er stéttar- og fagfélag ljósmæðra og ljósmæðranema. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði er landið allt. Félagið á aðild að Bandalagi háskólamanna (BHM) og sjóðum BHM.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Greinin samþykkt án athugasemda.

2. Grein

MARKMIÐ FÉLAGSINS

- 2.1 Að efla ljósmæðrastéttina og jafnframt áhuga íslenskra ljósmæðra fyrir öllu er að starfi þeirra lýtur.
- 2.2 Að stuðla að aukinni menntun og endurmenntun ljósmæðra sem og að stuðla að þróun ljósmóðurfræði sem fræðigreinar.
- 2.3 Að gæta hagsmuna og réttinda ljósmæðra varðandi starf þeirra og kjör.
- 2.4 Að annast samninga um kaup og kjör ljósmæðra sem rétt hafa til atkvæðagreiðslu í kjarasamningi félagsins.
- 2.5 Að hvetja ljósmæður til þess að viðhalda hæfni sinni og auka þekkingu sína.
- 2.6 Að gæta virðingar ljósmæðrastéttarinnar.
- 2.7 Að taka þátt í stefnumótun heilbrigðismála sem varða barneignarferlið og efla samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir
- 2.8 Að glæða félagslegan áhuga og samvinnu ljósmæðra bæði innan lands og í erlendu samstarfi.

Greinin í heild samþykkt án athugasemda.

3. Grein

ADILD OG ÚSÖGN ÚR FÉLAGINU.

Guðlaug Einarsdóttir fer fram á að hver liður fyrir sig fái umfjöllun áður en kosið er og var það samþykkt.

- 3.1 Félagar í LMFÍ geta verið allar ljósmæður sem hafa ljósmæðraleysi á Íslandi auk ljósmæðranema sem óska eftir aðild að félaginu.

Grein 3.1 samþykkt án athugasemda.

- 3.2 Kjarafélagi er sú ljósmóðir sem greiðir ákveðið hlutfall af tekjum sínum til félagsins og er bæði í stéttar- og fagfélagi. Hann hefur málfrelsi, atkvæðisrétt og



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

kjörgengi í allar nefndir og stjórn félagsins. Kjarafélagi sem kýs að ganga úr félaginu skal gera það skriflega.

Grein 3.2 samþykkt án athugasemda.

3.3 Fagfélagi eru sú ljósmóðir eða ljósmóðurnemi sem ekki er kjarafélagi í LMFÍ. Hann hefur málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi í allar nefndir nema kjaranefnd og stjórn félagsins. Fagfélagi sem kýs að ganga úr félaginu skal gera það skriflega.

Grein 3.3 samþykkt án athugasemda.

3.4 Stjórn félagsins getur gert að heiðursfélaga ljósmóður eða hvern þann velunnara félagsins sem það telur að sýna beri sérstaka viðurkenningu. Skal það gert á aðalfundi ef meirihluti fundarmanna greiðir því atkvæði. Félagsmenn geta komið með tillögu að tilnefningu til stjórnar.

Grein 3.4 samþykkt án athugasemda.

3.5 Þær ljósmæður sem eru kjarafélagar greiði sín félagsgjöld sem hlutfall af tekjum sínum sem ákveðið er á aðalfundi. Heimilt er að innheimta félagsgjöld hjá vinnuveitanda. Fagfélagar greiði árlega félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi. Hafi ljósmóðir ekki greitt gjöld sín til félagsins í tvö ár missir hún öll félagsleg réttindi. Hún getur gerst félagi aftur með því að greiða vangoldin gjöld s.l. tveggja ára. Heiðursfélagar og lífeyrisþegar sem hættir eru störfum eru undanþegnir félagsgjöldum.

Grein 3.5 samþykkt án athugasemda.

3.6 Sérhverri ljósmóður ber að sýna ábyrgð í starfi og gæta virðingar ljósmæðrastarfsins. Ljósmæðrum ber að starfa eftir lögum félagsins, siðareglum sem og ákvörðunum aðalfunda.

Grein 3.6 samþykkt án athugasemda.

3.7 Stjórn félagsins getur vikið félagsmanni úr félaginu ef hann hefur að mati stjórnar og siðanefndar brotið gegn lögum félagsins eða siðareglum. Viðkomandi félagsmanni skal veittur hæfilegur frestur til að skýra mál sitt skriflega og munnlega fyrir stjórn og siðanefnd áður en ákvörðun um brottvikningu er tekin og er honum heimilt að koma með talsmann með sér á fund stjórnar óski hann þess. Ákvörðun stjórnar og siðanefndar skal tilkynnt félagsmanni skriflega. Sæki fyrrverandi félagmaður um aðild að félaginu skv. 3. gr. laga þessara, eftir að honum hefur verið vikið brott, tekur stjórn ákvörðun um að veita honum aðild á ný.

Fyrirspurn frá Guðlaugu Einarsdóttur: Í hvaða tilvikum myndi þessi grein vera notuð: Hvað er brot á siðareglum?



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Steinunn fulltrúi úr lagahóp skýrir greinina og vitnar í ítarlega gr. Í lögum FÍH. Við höfum ekkert tæki til að taka á málum eins og alvarlegu broti ljósmóður. Þurfum að hafa farveg til að taka á slíkum málum Eðlilegt að hafa þetta með. Bæði stjórn og siðanefnd þurfa að fjalla um viðkomandi mál. Vonum að við þurfum ekki að beita þessu.

Guðlaug vitnar í siðareglur LMFÍ og finnst þessi skýring góð og rétt að hafa farveg fyrir slík mál ef þau koma upp.

Grein 3.7 samþykk með 1 mótatkvæði

4. grein

ADALFUNDUR

4.1 Aðalfund skal halda í félaginu eigi síðar en á vormánuðum ár hvert. Dagsetning aðalfundar skal tilkynnt með 6 vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins. Fundarboð skal berast með tryggilegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins minnst 4 vikum fyrir aðalfund. Hið sama gildir um önnur mál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir á aðalfundi. Mál, sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá aðalfundar verður því aðeins tekið þar fyrir að meiri hluti fundarmanna á fundinum samþykki það. Lagabreytingar verða ekki teknar fyrir nema þær fylgi fundarboði. Formlegar athugasemdir og tillögur til breytinga á fyrirbyggjandi lagabreytingatillögum sem fram koma á aðalfundi verða bornar undir fundinn. *Aðalfundur telst ekki lögmatgur nema boðað sé til hans á löglegan hátt.*

4.2 Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skulu fundargögn vera aðgengileg félagsmönnum á rafrænu formi á vefsvæði félagsins, þ.m.t. skýrsla stjórnar, reikningar félagsins og sjóða á vegum þess, skýrslur endurskoðanda og skoðunarmanna, áætlanir um starfsemi og fjárhag félagsins næsta starfsár og framboð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa eftir því sem við á.

4.3 Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- Formaður setur aðalfund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
- Formaður félagsins flytur skýrslu stjórnar.
- Skýrslur nefnda.
- Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins, sem þá hafa verið yfirfarnir af endurskoðanda og skoðunarmönnum félagsins. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykkis og ákvörðun tekin um félagsgjald.
- Lagabreytingar.
- Formannskosning
- Stjórnarkosning
- Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
- Nefndakosning - kosning í nefndir og önnur trúnaðarstörf.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Önnur mál.

4.4 Á aðalfund skal bóka sérstaklega allar samþykktir og ákvarðanir fundarins. Fundaritarar ganga frá fundargerð að loknum aðalfundi. Fundargerð aðalfundar skal birt á vefsvæði félagsins ekki seinna en fjórum vikum eftir fundinn og veittur tveggja vikna frestur til athugasemda. Að þeim fresti liðnum telst fundargerð samþykkt og skal hún ásamt athugasemdum birt á vefsvæði félagsins.

4.5 Aukaáðalfund skal halda ef stjórn álitur þess þörf eða ef 1/3 atkvæðisbærra félagsmanna krefst þess. Hann skal boðaður með sama hætti og aðalfundur og fundarefni tilgreint í fundarboði.

Í kynningu á greininni leggur Esther til breytingu á grein 4.3 frá því sem fram kemur í fundargögnum. Í lok greinarinnar bætist við: *Aðalfundur telst ekki lögmætur nema boðað sé til hans á löglegan hátt.*

Bergrún telur þessa viðbót eiga heima í lok 4.1 og voru fundarmenn samþykkið því. Aðrir liðir óbreyttir.

4. grein var samþykkt heild sinni án móttakvæða.

5. Grein.

STJÓRN FÉLAGSINS

5.1 Í aðalstjórn Ljósmeðrafélags Íslands skulu kosnar þrjár ljósmeður til tveggja ára, formaður, gjaldkeri og ritari. Einnig eru kosnir til tveggja ára varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú körtímabil í röð. Stjórnarmann sem setið hefur samfleytt í sex ár má kjósa í annað stjórnar- eða nefndarstarf, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur.

Grein 5.1 samþykkt án athugasemda.

5.2 Stjórnin skipuleggur stjórnarfundi eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til þeirra. Formanni er skylt að boða varamenn á fundi til jafns við aðalmenn. Fundir stjórnar eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur og stjórnarmenn hafa verið boðaðir til fundar með tryggum hætti.

Grein 5.2 samþykkt án athugasemda.

5.3 Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Formaður félagsins fer fyrir stjórn og er í forsvari fyrir félagið. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á öllum framkvæmdum sem gerðar eru í nafni þess. Stjórn tekur ákvörðun um



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

ráðningar starfsmanna til félagsins og semur um ráðningakjör við þá.
Formaður er launaður starfsmaður félagsins.

Guðlaug Einarsdóttir gerir athugasemd við orðalagið: öllum nefndum og telur rétt að hafa siðanefnd undanskilda. Fundarmenn sammála því og er greinin samþykkt svohljóðandi:

5.3 Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Formaður félagsins fer fyrir stjórn og er í forsvari fyrir félagið. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á öllum framkvæmdum sem gerðar eru í nafni þess. Undanskilda siðanefnd. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningar starfsmanna til félagsins og semur um ráðningakjör við þá. Formaður er launaður starfsmaður félagsins.

Grein 5.3 var samþykkt án mótaskvæða (Greinin fór aftur í umræðu og tók breytingum. Sjá í fundargerð eftir umfjöllun á 6. Grein)

5.4 Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum félagsins og vinna eftir lögum þessum og þeirri stefnumótun Ljósmeðrafélagsins sem sett hefur verið fram og samþykkt á aðalfundi.

Grein 5.4 samþykkt án athugasemda.

5.5 Vantraust á stjórn LMFÍ má bera upp ef 1/3 félagsmanna hafa skrifað undir áskorun þess efnis og skal stjórn félagsins boða til aukaaðalfundar innan tveggja vikna frá því að slík áskorun berst félaginu.

Grein 5.5 samþykkt án athugasemda.

5.6 Fylgja skal fundarsköpum LMFÍ á öllum fundum félagsins sem fundarstjóri les í upphafi fundar hverju sinn.

Grein 5.6 samþykkt með einu mótaskvæði.

6. grein

ATKVÆÐAGREIÐSLA

6.1 Atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundum hafa kjarafélagar sem eru skuldlausir við félagið. Skal stjórn hafa tiltæk gögn um félagsmenn sem ekki hafa gert upp sín félagsgjöld í upphafi fundar.

Fyrirspurn úr sal. Hvernig á að framfylgja að félagar séu skuldlausir:

Guðlaug Einarsdóttir upplýsir að flest allir séu ríkisstarfsmenn og því nokkuð ljóst hverjir greiða félagsgjöld. Umhverfi gæti breyst og ljósmeður farið meira í einkarekstur.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fram kom að fyrir aðalfund væri hægt að prenta út félagskrá. Að framfylgja þessari grein laganna væri útfærsluatriði.

Grein 6.1 samþykkt án mótakvæða.

6.2 Allar kosningar eru bindandi og fari fram skriflega ef fleiri en einn eru í kjöri. Falli atkvæði jafnt skal kosið að nýju og fáiast þá eigi úrslit ræður hlutkesti. Félagsmenn í landshlutadeildum LMFÍ sem taka þátt í fundi með fjarfundabúnaði hafa einnig atkvæðisrétt. Á fundum landshlutadeilda skal kjósa ábyrgðarmann sem sér um talningu atkvæða og kemur niðurstöðum til fundarstjóra. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema annað sé tekið fram í lögnum.

Jenný Inga Árnadóttir spyr um núverandi fund hvort hann sé sendur út í fjarfundabúnaði. Esther svarar að það hafi ekki verið hægt vegna bilana. Guðrún Gunnlausdóttir telur það hag þeirra sem búa á landsbyggðinni að geta tekið þátt í aðalfundi með fjarfundabúnaði. Aðgangur þeirra á aðalfund er tryggður með þessu. Fram kom að ekki ætti að halda aðalfund ef fjarfundabúnaður virkaði ekki. Fram kom m.a. að á Austurlandi starfaði ekki landshlutadeild.

Ákveðið var að taka úr drögunum: Félagsmenn í landshlutadeildum LMFÍ sem taka þátt í fundi með fjarfundabúnaði hafa einnig atkvæðisrétt. Á fundum landshlutadeilda skal kjósa ábyrgðarmann sem sér um talningu atkvæða og kemur niðurstöðum til fundarstjóra.

Grein 6.2 var borin svohljóðandi upp til samþykktar og samþykkt:

Allar kosningar eru bindandi og fari fram skriflega ef fleiri en einn eru í kjöri. Falli atkvæði jafnt skal kosið að nýju og fáiast þá eigi úrslit ræður hlutkesti. Félagsmenn á fundum með fjarfundabúnaði hafa einnig atkvæðarétt og skal trúnaðarmaður sjá um talningu atkvæða og kemur niðurstöðum til fundarstjóra. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema annað sé tekið fram í lögnum.

6.3 Kjörnefnd skal sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga á aðalfundi.

Grein 6.3 samþykkt án athugasemda.

6.4 Í ágreiningsmálum á stjórnarfundum ræður meirihluti stjórnar, ef hlutir falla jafnt þá ræður atkvæði formanns. Stjórn er heimilt að láta fara fram rafræna kosningu um þau mál sem hún telur brýn og varða mikilvæga hagsmuni félagsmanna.

Grein 6.4 samþykkt án athugasemda.

6.5 Allir félagsmenn eru kjörgengir í nefndir LMFÍ nema í kjaranefnd. Kosningarétt og kjörgengi í kjaranefnd og stjórn hafa einungis kjarafélagar.

Grein 6.5 samþykkt án athugasemda.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Að lokinni kosningu um 6. grein óskar Helga Sigurðardóttir eftir að ræða betur grein 5.3 er varðar orðalag.

Fundarstóri óskar eftir að fá að taka greinina aftur til umræðu eftir að Helga rökstyður ósk sína: Stjórn fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda, undanskilin eru þau mál sem eru til umfjöllunar í Siðanefnd LMFÍ.

Fundarmenn samþykktu án mótakvæða að taka greinina aftur til umfjöllunar og er greinin svohljóðandi:

Grein 5.3. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Formaður félagsins fer fyrir stjórn og er í forsvari fyrir félagið. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á öllum framkvæmdum sem gerðar eru í nafni þess.

Undanskilin eru þau mál sem eru í umfjöllun hjá siðanefnd. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningar starfsmanna til félagsins og semur um ráðningakjör við þá. Formaður er launaður starfsmaður félagsins.

Að því loknu var 5. greinin í heild sinni borinn upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt í heild sinni.

7. Grein

FÉLAGSFUNDIR

7.1 Félagfund skal halda þegar stjórn þykir ástæða til eða ef minnst fimm félagar óska þess skriflega og tilgreina fundarefni og skal til hans boðað með minnst viku fyrirvara. Ef nauðsyn krefur má þó boða félagfund með 24 klukkustunda fyrirvara.

Bergrún Svava Jónsdóttir leggur til orðalagsbreytingu: með sólahringsfyrirvara en ekki 24 klst.

Grein 7.1 var borin svohljóðandi upp til atkvæðagreiðslu og var samþykkt svo hljóðandi:

Félagfund skal halda þegar stjórn þykir ástæða til eða ef minnst fimm félagar óska þess skriflega og tilgreina fundarefni og skal til hans boðað með minnst viku fyrirvara. Ef nauðsyn krefur má þó boða félagfund með sólahring fyrirvara.

7.2 Formaður félagsins eða fulltrúi hans sitji ICM þing. Fulltrúa á önnur þing skal tilnefna af stjórn félagsins. Þeir sem fara á þing á vegum félagsins skili greinargerð um viðkomandi þing til stjórnar. Ennfremur geri þeir grein fyrir þinginu í Ljósmeðrablaðinu, vefsíðu félagsins eða á aðalfundi.

Grein 7.2 samþykkt án athugasemda.

8. grein

FJÁRMÁL



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

8.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins, nefnda þess og sjóða skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs úr röðum félagsmanna til eins árs í senn. Reikningar skulu vera komnir í hendur skoðunarmanna félagsins 14 dögum fyrir aðalfund til yfirlstrar og undirskriftar.

Grein 8.1 samþykkt án breytinga.

9. grein

NEFNDIR OG RÁÐ

9.1 Innan LMFÍ skulu starfa eftirfarandi nefndir

- Kjaranefnd
- Fræðslu- og endurmenntunarnefnd
- Ritnefnd
- Siðanefnd
- Kjörnefnd
- Sjóðanefnd

9.2 Heimilt er að koma á fót nefndum um einstök málefni eða málaflokka ef þurfa þykir sem stjórn skipar í. Sama gildir um samtök og ráð sem LMFÍ er heimilað að tilnefna fulltrúa í.

9.3 Nefndir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga LMFÍ. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.

Grein 9 samþykkt í heild sinni án mótaskvæða.

10. Grein

DEILDIR

10.1 Heimilt er að stofna deildir innan félagsins. Æskilegt er að deildirnar sendi einn fulltrúa á aðalfund er greini frá starfsemi sinnar deildar eða sendi greinargerð til stjórnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Sé það ekki gert er litið svo á að starfsemi deildar liggi niðri.

10.2 Deildir félagsins geta sótt um fjárframlög frá félaginu til starfsemi sinnar. Deildir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga LMFÍ. Deildum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.

Grein 10 samþykkt í heild sinni án mótaskvæða.



11. Grein

TRÚNAÐARMENN

11.1 Stjórn skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir sbr. V. kafla laga nr. [94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna](#) I. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða því sem samið kann að vera um í kjarasamningum.

Guðlaug Einarsdóttir gerir athugasemd við samhengi greinarinnar 11.1 og leggur til að hún hljómi svo:

11.1 Stjórn skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir sbr. V. kafla laga nr. [94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og](#) I. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða því sem samið kann að vera um í kjarasamningum.

11.2 Í trúnaðarmannaráði skulu eiga sæti allir trúnaðarmenn Ljósmaðrafélagsins, meðlimir kjaranefndar ásamt stjórn félagsins. Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð, kjarasamninga og stofnanasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um stærri mál.

Karítas Ívarsdóttir veltir fyrir sér hvort greinin skarist við störf kjaranefndar. Því er svarað að með þessari grein sé varið að virkja trúnaðarmenn betur. Stuðningur á báða bóga við kjaranefnd. Innihald greinarinnar skýrist við umræðu.

Grein 11.1 með viðbót frá Guðlaugu var samþykkt með 2 mótatkvæði.

Grein 11.2 var samþykkt óbreytt.

12. Grein

ÚTGÁFA

12.1 Allt efni sem birtist á prenti í nafni félagsins, í rafrænum miðlum, ljósvakamiðlum, á ráðstefnum o.fl. auk minjagripa telst vera útgáfa félagsins. Stjórn sér um og ber ábyrgð á útgáfu félagsins, svo sem útgáfu Ljósmaðrablaðs, Fylgjunnar, hefur umsjón með og ber ábyrgð á vefsíðu félagsins [ljosmaedrafelag.is](#).

Grein 12.1 samþykkt án athugasemda.

12.2 Félagið á og rekur vefsíðuna [ljosmodir.is](#) sem er upplýsingavefur fyrir verðandi foreldra. Vefurinn er í umsjón vefstjóra sem ritstýrir síðunni.

Guðlaug Einarsdóttir telur að seinni setningin megi missa sín og var hún tekin út áður en til kosninga kom. Grein 12.2 var samþykkt svohljóðandi:

Félagið á og rekur vefsíðuna [ljosmodir.is](#) sem er upplýsingavefur fyrir verðandi foreldra.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

12.3 LMFÍ gefur út Ljósmeðrablaðið og greiðir kostnað af því. Skal senda blaðið öllum félagsmönnum og er áskriftarverð þess innifalið í félagsgjaldi. Stjórn LMFÍ ræður ritstjóra sem sér um útgáfu Ljósmeðrablaðsins í samvinnu við ritnefnd. Ritnefnd ber auk þess ábyrgð á útgáfu Fylgjunnar, handbókar félagsmanna. Ritnefnd skal kjósa á aðalfundi félagsins.

Grein 12.3 samþykkt án athugasemda.

12.4 Merki LMFÍ er skráð í vörumerkjaskrá og er félagið eigandi þess. Notkun á merkinu er háð leyfi stjórnar. Stjórn félagsins lætur útbúa barmmerki sem einnig er eign félagsins. Félagar í LMFÍ fá heimild til að bera barmmerkið við afhendingu þess. Glatist barmmerkið getur félagsmaður fengið nýtt barmmerki gegn gjaldi. Við andlát eða réttindamissi er æskilegt að barmmerkinu sé skilað til LMFÍ.

Grein 12.4 samþykkt án athugasemda.

13. grein

LAGABREYTINGAR

13.1 Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skulu tillögur um breytingar hafa borist með aðalfundarboði tveim vikum áður og þannig kynntar félögum áður en til fundar kemur. Lagabreytingar eru því aðeins lögmatar að 2/3 fundarmanna á aðalfundi greiði þeim atkvæði.

13.2 Lög þessi öðlast gildi á aðalfundi Ljósmeðrafélags Íslands 24. mars 2012. Um leið verða lög Ljósmeðrafélags Íslands frá 5.maí 2006 úr gildi numin.

Grein 12 í heild sinni samþykkt án athugasemda

9. Breytingar á úthlutunarreglum Rannsóknar og þróunarsjóðs

Esther hefur framsögu. Sjóðanefndin hefur rekið sig á og telur þörf á á breytingu er varðar greiðslur styrkja: Leggja til að bætt verði inn í því sem er hér skáletrað og hljóðar þá málsgreinin svo:

Sé styrks ekki vitjað og umbeðin gögn ekki fyrir hendi innan tveggja ára frá dagsetningu á tilkynningu um styrkveitingu, lítur sjóðanefnd svo á að styrksvilyrði falli niður.

Orðalagsbreytingin var samþykkt.

10. Stjórnar- og nefndakosningar



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fundarstjóri vísar til fundargagna en í þeim eru tillögur uppstillinganefndar í laus embætti og ráð félagsins. Óskar eftir fleiri framboðum í viðkomandi embætti. Engin mótframboð komu í ljós. Eftirfarandi félagsmenn voru kosnir:

Í stjórn LMFÍ:

Varaformaður: Anna Eðvaldsdóttir

Vararitari: Ásta Hlín Ólafsdóttir

Gjaldkeri gaf kost á sér áfram: Inga Sigríður Árnadóttir

Varagjaldkeri: Hafdís Ólafsdóttir

Í ritnefnd:

Helga Gottfreðsdóttir

Ingibjörg Hreiðarsdóttir

Berglind Hálfhánsdóttir

Ingibjörg Eiríksdóttir

Fræðslunefnd:

Guðrún Gunnlaugsdóttir

Sjóðanefnd:

Gréta Rún Árnadóttir

Kjörnefnd:

Guðrún Huld Kristinsdóttir

Siðanefnd:

Anna Rut Sverrisdóttir

Guðrún Halldórsdóttir

Skoðunarmenn

Ingunn Vattnes Jónasdóttir

Hildur Friðfinnsdóttir

Aðaltrúnaðarmaður LMFÍ:

Guðrún Sigríður Ólafsdóttir

Að kosningu lokinni óskaði fundarstjóri stjórnnum og nefndum góðs gengis.

11. Önnur mál

1. Margrét Bjarnadóttir. óskaði eftir upplýsingum um hverjir væru í sjóðanefnd BHM. Fram kom á LMFÍ hefur engan í stjórn, en hefur 4 fulltrúa á aðalfundi BHM.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fram kom að sjóðanefnd hefur lækkað styrki, m.a. líkamsstyrk í 12.000 kr. og er það eini styrkurinn sem ekki hefur verið skattlagður. Lagt er til að fundurinn geri svohljóðandi ályktun sem var samþykkt:

Ályktun sem samþykkt var á 93. Aðalfundi Ljósmeðrafélagi Íslands.
Á aðalfundi LMFÍ 24.mars 2012 kom fram mikil óánægja með lækkun á styrk til líkamsræktar fyrir sjóðsfélaga Sjúkra- og styrktarsjóðs BHM. Fundurinn hefur falið fulltrúa sínum á aðalfundi sjóðsins að beita sér fyrir hækkun styrksins. Telur fundurinn að forvarnagildi þessa styrks skili sér margfalt í bættri heilsu.

2. Bergrún Svava Jónsdóttir óskaði eftir að koma á framfæri skilaboðum frá fræðslunefnd en hún gerði skoðanakönnun á endurmenntunarþörf félagsmanna. Í henni kom fram næg þátttaka til að halda Hypno birth námskeið. Hefur slíkt námskeið verið auglýst og til stóð að halda það í apríl. Í dag hafa 10 skráð sig á námskeiðið en grundvöllur fyrir námskeiðinu er að á það sé bókað 22 þátttakendur.
3. Bergrún Svava Jónsdóttir sagði frá vinnu þeirra Guðlaugar og Elínu Örnú varðandi stofnun heimaþjónustufyrirtækis. Hafa nú þegar fundað með fulltrúum frá Landlækni. Fara á næstunni á fund með fulltrúa Velferðaráðuneytisins og síðan fulltrúum HH, Heilsugæslu höfuðborgarsvæði. Þær eiga einnig eftir að hitta fulltrúa frá Sjúkratryggingum Íslands en þar er haldið utan um fjármál. Fram kom að þær hafa fengið meðbyr á óformlegum fundum, ánægja með framtakið, það sé faglega unnið og verkefnið stórt. Þegar kemur að peningamálum, þá liggja peningar ekki á lausu.

Þær leggja áherslu til að byrja með á höfuðborgarsvæðið þar sem víða út á landi er komið ákveðið vinnulag sem er öðruvísi en á höfuðborgarsvæðinu. Vilja ekki flækja málið og ekki hægt að vera allstaðar. Verkefnið verði til 2 ára og rannsóknarmiðað og tengist heimaþjónustu í sængurlegu fyrstu 6 vikur eftir fæðingu barns. Hópurinn er kominn í samband við Hildi Sigurðardóttir lektor við HÍ. Heimaþjónusta eftir fæðingu ekki mæðravernd.
4. Umræða um breytingu á lyfjalögum. Lagt er til að LMFÍ eigi samvinnu með Sóley Bender prófessor við Hjúkrunarfræðideild HÍ, en hún er sérfróð um kynheilbrigði, um kosti þess að ljósmeður fái leyfi til að gefa út lyfseðilskyldar getnaðarvarnir. Slíkt hafi gefist vel í Svíþjóð. Jenný Inga og Guðrún Gunnlaugsdóttir óska eftir að fundurinn sendi frá sér ályktun.
Fram kom að í Fréttablaðinu í dag hafi birst grein eftir formann félagsins Esther Ósk Ármannsdóttir er bar heitið: Mamma ég er ólétt.
Fram kom að fulltrúar frá LMFÍ og HÍ sóttu kynningafund á vegum Velferðaráðuneytisins sl. haust þar sem drög að lagabreytingu þessari voru kynnt. Fundarstjóri leggur til að málinu sé vísað til stjórnar félagsins og var það samþykkt.
5. Óskað er eftir upplýsingum hvar ljósmeðrastöður voru lagðar niður.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Formaður félagsins svarar því til að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja lagði niður tvær stöður deildarstjóra á fæðingadeild og í meðgönguvernd. Ráðið hefur verið yfirljósmóðir á nýja sameinaða deild

Fundi var slitið kl. 16:56

Fundarritarar:

Jóhanna Skúladóttir og Ásta Hlín Ólafsdóttir

Dagskrá eftir fundinn:

1. Heimsókn og kynning á Lótus jógasetri, Borgartún 20, 105 Reykjavík.
2. Sameiginlegur kvöldverður í húsnæði BHM í Borgartúni. Borðvín í boði félagsins.